

26.1.2021

Vísað er til 275. máls á 151. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis).

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur óskað eftir afstöðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til þeirra umsagna sem nefndinni hafa borist um málið.

Ráðuneytið bendir á að frumvarpið hefur nú þegar farið í samráðsferli í samráðsgátt stjórnvalda og koma viðbrögð við þeim umsögnum fram í greinargerð með frumvarpinu. Umsagnir sem hafa borist umhverfis- og samgöngunefnd í umsagnarferli nefndarinnar hafa að mestu leyti að geyma sömu athugasemdir og umsagnir sem ráðuneytinu hafa borist. Hvað varðar viðbrögð við þeim athugasemdum er vísað til umfjöllunar í greinargerð með frumvarpinu.

- Í umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga er bent á að í kærumálum og dómsmálum sé raflínunefnd það stjórnvald sem taki til varna. Óljóst sé hins vegar hvort það yrði Skipulagsstofnun, eftir atvikum með fulltingi ríkislögmans, eða sveitarfélögin og Skipulagsstofnun í sameiningu, sem myndu reka slíkt mál af hálfu nefndarinnar og bera af því kostnað.

*Svar: Hér er að mati ráðuneytisins um að ræða álitæfni um fyrirsvar sem ekki ætti að fjalla sérstaklega um í frumvarpinu.*

- Í umsögn Reykjavíkurborgar er því velt upp hvar bótaskyldan liggja ef framkvæmdaleyfi á grundvelli raflínuskipulags valdi bótaskyldu.

*Svar: Vegna þessa bendir ráðuneytið á eignarnáms- og bótaákvæði VI. kafla raforkulaga, nr. 65/2003.*

- Í umsögn Landsnets segir að ekki sé ljóst hver sé ábyrgðaraðili við gerð þeirra skýrslna sem um ræði og að mikilvægt sé að mælt sé fyrir um það í lögum.

*Svar: Ráðuneytið bendir á 1. mgr., c-lið 7. gr. frumvarpsins þar sem segir að ráðherra skuli kveða nánar á um sameiginlega skýrslugerð, kynningu og málsmeðferð í reglugerð.*

- Skipulagsstofnun gerir ýmsar lagatæknilegar ábendingar varðandi þann þátt frumvarpsins sem lítur að raflínunefnd og raflínuskipulagi. Taka má undir ábendingar stofnunarinnar hvað varðar 1., 2. og 7. gr. (vísun til kerfisáætlunar) og 4. 13. og 14. gr. (um kostnað við gerð raflínuskipulags). Hvað varðar 7. gr. (um afgreiðslu raflínuskipulags) er bent á að ákvæðinu var breytt í samráðsferlinu vegna ábendinga Landverndar sem endurteknar eru í umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar varðandi d- lið 7. gr. frumvarpsins. Vegna ábendingar Skipulagsstofnunar og í ljósi umsagnar Landverndar telur ráðuneytið að orða megi 1. málsli. d- lið 7. gr. þannig:
- Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal raflínunefnd fjalla um tillögu að raflínuskipulagi á nýjan leik og á grundvelli niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum hvaða valkostur skuli valinn ef leyfi verður veitt og að hvaða skilyrðum uppfylltum.
- Umsagnaraðilar eru almennt jákvæðir gagnvart áformum um stafræna gagna- og samráðsgátt og ýmsar ábendingar um innleiðingu verkefnisins koma fram sem rétt er að halda til haga við innleiðingu gáttarinnar þó að þær viðkomi ekki frumvarpinu. Skipulagsstofnun vinnur nú að undirbúningi við innleiðingu gagna- og samráðsgáttarinnar. Stofnunin mun hafa víðtækt samráð við hagsmunaaðila og vinna verkefnið í nánú samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig verða skoðuð möguleg samlegðaráhrif við önnur kerfi.